Ágrip 107

af fundargjörðum amtsráðsins í Vesturamtinu, dagana frá 15. til 17. júní 1891.

Ár 1891, 15. dag júnímán., átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Á fundinum mættu forseti amtsráðsins, amtmaður E. Th. Jónassen, og amtsráðsmennirnir presturinn síra Sigurður Stefánsson og sýslumaður S. E. Sverrisson.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram:
   a, reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890,
   b, —— yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890,
   c, —— yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1890, og
   d, —— yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir árið 1890,
   voru reikningar þessir yfirfarnir og samþykktir, með því ekkert fannst athugavert við þá.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
   a, Reikning yfir tekjur og gjöld Ísafjarðarsýslu árið 1890,
   b, —— úr Austur-Barðastrandarsýslu árið 1889 yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins, einnig yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins fyrir sama ár. Sýslusjóðsreikningurinn fyrir árið 1890 var enn ekki kominn úr þessari sýslu.
   c, Sýslusjóðs- og sýsluvegagjalds-reikning Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1890,
   d, Sýslusjóðs- og sýsluvegagjaldsreikning Strandasýslu fyrir árið 1890;
   e, Frá Dalasýslu sömu reikninga fyrir árið 1890, og
   f. frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sömu reikninga s. á. Við reikninga þessa (a—f) fannst ekkert athugavert.

   Sýslusjóðs- og sýsluvegagjaldsreikningur frá Mýrasýslu fyrir árið 1890 var enn þá ókominn.
3. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna:
   a, Frá Ísafjarðarsýslu: 4, ág. 1890 og 4.—7. marz 1891,
   b, — Vestur- Barðastrandarsýslu: 30. apríl 1891,
   c, Dalasýslu: 27. apríl 1891,
   d. Strandasýslu: 7.—10. apríl 1891,
   e. Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: 20.–22. Apríl 1891,
   f. Mýrasýslu 7. maí 1890,
   g. Mýrasýslu: 9. apríl 1891,
   h. Austur-Barðastrandarsýslu: 10. júní 1890.

   Viðvíkjandi hinu framlagða endurriti úr gjörðabók sýslunefndar Dalasýslu frá 27. apríl þ. á., ákvað amtsráðið, að veita ekki samþykki sitt til þess, að sýslunefndin hafði veitt aukalækninum í Dalasýslu og Bæjarhreppi 400 króna lán úr sýslusjóði, og fól ráðið forseta sínum að tilkynna oddvita sýslunefndarinnar neitun sína þar að lútandi, þar eð ekki gæti álitizt heimild til að leggja álögur á sýslubúa til þess að lána prívatmönnum fje, enda er ráðinu ókunnugt um, hvernig fje þessu skyldi varið, og auk þess að eins sett trygging fyrir láninu í lausafje, sem ráðinu er ókunnugt um, hve mikið er, eða hverskonar. Að öðru leyti fannst ekkert athugavert við eptirritin.
4. Var framlagt brjef, dags. 15. júní 1891, frá stjórn æðarræktarfjelagsins á Breiða-

107 firði og við Strandaflóa, með 5 fylgiskjölum, þar sem beiðzt er meðmæla amtsráðsins með því, að fjelaginu verði á ný veitt 5000 kr. lán úr landssjóði til vargeyðslu. Amtsráðið ákvað að leggja meðmæli sín með lánbeiðslu þessari, með því skilyrði, að fjelagið ljeti sjer sjerílagi annt um, að spornað sje rækilega við því, að viðkoma svartbaks geti komizt upp, og sjái einnig um, að allar deildir fjelagsins komi sjer saman um, að verðlaunin fyrir flugvarg verði lækkuð til muna frá því, sem viðgengizt hefur að undanförnu, eða allt að helmingi.

5. Voru framlögð bónarbrjef frá eptirgreindum búnaðarfjelögum, um að fá styrk af fje því, sem í fjárlögunum er veitt í þessu skyni:

a, Frá búnaðarfjelagi Ögurhrepps í Ísafjarðarsýslu,
b, — —— Súðavíkurhrepps í sömu sýslu,
c, — —— Reykjarfjarðarhr. - — —
d, — —— Nauteyrarhrepps - — —
e, — —— Þingeyrarhrepps - — —
f, — —— Önfirðingahrepps - — —
g. — —— Mýrahrepps - — —
h. — —— Barðastrandarhrepps í Barðastrandarsýslu
i, — —— Rauðasandshrepps - ——
k, — —— Tálknafjarðarhrepps - ——
l, — —— Dalahrepps - ——
m, — —— Suðurfjarðahrepps - ——
n. — —— Syðrihluta Strandasýslu,
o, — —— Hrófbergshrepps í sömu sýslu,
p, — —— Saurbæjarhrepps í Dalasýslu,
q, — —— Fellstrandarhr. - ——
r, — —— Skarðstrandarhr. - ——
s, — —— Laxárdalshrepps - ——
t, — —— Hvammshrepps - ——
u, — —— Skógarstrandar
v, — —— Staðarsveitar
x. — —— Helgafellssveitar
y, — —— Eyrarsveitar
z, — —— Innra-Ness-hrepps
þ, — —— Ytra-Nesshrepps
æ, — —— Eyja- og Miklaholtshrepps
ö, — —— Kolbeinsstaðahrepps
} í Snæfellness- og Hnappadalssýslu.

Amtsráðið fól forseta sínum að senda bónarbrjef þessi, sem hlutaðeigandi sýslunefndir hafa mælt með, til landshöfðingja, og álítur amtsráðið, að að eins beri að taka þau búnaðarfjelög til greina við styrkveitingu úr landssjóði, sem að minnsta kosti hafi unnið 150 dagsverk að jarðabótum auk þeirra dagsverka, sem gengið hafa til húsabóta og hlöðubygginga.

Amtsráðið vill til leiðbeiningar láta það álit sitt í ljósi, að hæfilegt sje, að leggja helztu jarðabótastörf þannig í dagsverk:

Þúfnasljettun með plóg og herfi . . . . . 14 □ faðma

Þúfnasljettun með spaða . . . . . 10 □ faðma 107
Af tvíhlöðnum grjótgarði, 4 fet á hæð, . . . 2 faðma að lengd
— einhlöðnum —— — — - — . . . 4 — — lengd
— torfgarði $4^1/_2$ fet að hæð, síginn . . . . 5 — — lengd
— vörzluskurðum . . . . . 240 teningsfet
— framræsluskurðum . . . . . 400 ——

en ráðið gjörir jafnframt ráð fyrir, að umrædd jarðabótastörf sjeu ekki sjerstökum örðugleikum bundin.

6. Var lagt fram brjef, dags. 23. maí 1891, frá sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem þess var beiðzt, að amtsráðið vildi hlutast til um, að gjört yrði við veginn yfir Rauðamelsheiði á kostnað landssjóðs nú á næstkomandi fjárhagstímabili. — Þareð amtsráðið er á þeirri skoðun, að samkvæmt lögum um vegi frá 10. nóv. 1887 beri að álíta umræddan fjallveg sýsluveg, eins og sýslunefndin í Dalasýslu þegar hefur ákveðið, hvað þann hluta fjallvegar þessa snertir, er liggur í síðastnefndri sýslu, er kostnaður við aðgjörð á honum landssjóði óviðkomandi.
7. Var lagt fram brjef, dags. 1. maí 1891, frá sýslumanninum í Dalasýslu, þar sem þess er beiðzt, að amtsráðið veiti laxveiðafjelaginu í Dalasýslu 50 kr., móts við 50 kr., sem sýslunefndin í Dalasýslu hefur veitt fjelagi þessu. Amtsráðið veitti hinar umbeðnu 50 krónur.
8. Voru framlögð brjef, dags. 18. og 30. apríl 1891, frá sýslunefndum Stranda- og Dalasýslna, þar sem farið er fram á, að amtsráðið hlutist til um, að kvennaskóli komist sem fyrst á fót í Vesturamtinu.

   Amtsráðið var að vísu hlynnt málefni þessu, en sá sjer að þessu sinni ekki fært að ráðast í framkvæmd á því, þar sem um mjög stórt fjárspursmál er að ræða, heldur taldi rjett, að úrslit um það kæmi til aðgjörða hins nýja amtsráðs næsta ár, og því til undirbúnings fól ráðið forseta sínum að leita álits hinna annara sýslunefnda Vesturamtsins um málið.
9. Þá var lagt fram brjef, dags. 18. apríl 1891, frá sýslumanni Strandasýslu, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar beiðist þess, að amtsráðið vildi skora á alþingi, sem kemur saman á yfirstandandi sumri, að það setji fastar reglur um allt land fyrir því, hverjar jarðabætur skuli njóta verðlauna af búnaðarfjelagastyrknum úr landssjóði, og eptir hvaða mælikvarða þær skuli lagðar í dagsverk.

   Amtsráðið fól forseta á hendur að beina máli þessu til næsta alþingis.
10. Þá var lagt fram brjef, dags. 18. apr. þ. á., þar sem sýslunefndin í Strandasýslu beiðist samþykkis amtsráðsins til, að lögrjettin í Arnkötludal megi leggjast niður og byggjast upp aptur í Tröllatungulandi.

    Amtsráðið samþykkti rjettarfærslu þessa, þegar fengið væri leyfi umráðanda Tröllatungulands um rjettarstæðið.
11. Þá var og lagt fram brjef, dags. 18. apr. þ. á., þar sem sýslunefndin í Strandasýslu óskar þess, að amtsráðið leggi samþykki sitt á samning, dags. 23. apr. 1890, á milli búenda Kirkjubólshrepps og Fellshrepps, er fylgdi með brjefinu, að svo miklu leyti sem samningur þessi ekki er samhljóða ákvæðum fjallskilareglugjörðarinnar fyrir Strandasýslu, um heimalandsleitir og sundurdrátt.

107 Amtsráðið samþykkti samninginn, að því leyti sem hann ekki er samhljóða fjallskila- reglugjörðinni í umræddu tilliti.

12. Þá var enn lagt fram brjef frá prestinum í Stafholti, dags. 16. maí 1891, þar sem þess er beiðst, að amtsráðið veiti af jafnaðarsjóði Vesturamtsins fje til meðlags yfirstandandi ár með mállausri stúlku, Guðrúnu Kristjánsdóttur, sem er til heimilis á Eskiholti í Mýrasýslu, þar sem vel fer um hana og henni gefst kostur á að læra almenna vinnu.

Amtsráðið veitti 100 kr. úr jafnaðarsjóði með hinum nefnda málleysingja, þar sem nú sem stendur ekki er kostur á að útvega honum frekari kennslu.

13. Samkvæmt beiðni frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík var ákveðið að veita nefndum skóla 100 kr. styrk úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins fyrir yfirstandandi ár.

14. Í tilefni af brjefi sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 18. marz 1890, viðvíkjandi reglum fyrir heilbrigðisnefndir, ákvað amtsráðið að fela forseta sínum á hendur að semja slíkar reglur, sem allar sýslunefndir amtsins eigi kost á að gefa álit sitt um, eptir að hafa borið sig saman við hlutaðeigandi hreppsnefndir, og skyldu reglur þessar að því búnu leggjast fyrir amtsráðið til endilegrar samþykktar.

15. Í tilefni af brjefi skólastjórans í Ólafsdal, dags. 13. júní 1891, þar sem hann beiðist tilhlutunar amtsráðsins um, að snúið sje á íslenzku hinum nauðsynlegu kennslubókum í námsgreinum þeim, sem kenna þarf við búnaðarskólana hjer á landi, ályktaði amtsráðið, að fela forseta, að fara þess á leit við alþingi, að það vildi veita nauðsynlegt fje til þess að láta sem fyrst útleggja eða frumsemja kennslubækur, er nota mætti við búnaðarskólana.

16. Þá var framlagt brjef, dags. 13. júní 1891, frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, þar sem hann leggur til, að smíðar sjeu felldar úr reglugjörð fyrir nefndan skóla, sem skyldunámsgrein.

Amtsráðið fjellst á þessa tillögu, að smíðar sjeu ekki framvegis skyldunámsgrein við skólann, en fól forseta sínum að skora á skólastjórann, að annast um, að veitt verði kennslupiltum á skólanum tilsögn í íslenzkri rjettritun, svo sem kringumstæður leyfa.

17. Ákveðið að verja til Ólafsdalsskólans á þessu ári, eins og hjer segir:

1.	Meðgjöf með 3 piltum í eldri og með 8 piltum í yngri deild, samtals respective 133 kr. 33 a. og 250 kr. fyrir hvern, samtals	2400 kr.
2.	Til verkfærakaupa og viðhalds þeirra	75 —
3.	Til prófdómenda	40 —
4.	Laun handa forstöðumanni skólans	800 —
5.	Laun handa aukakennara	350 —
6.	Til bókakaupa og kennsluáhalda	100 —
7.	Vextir og afborgun af bankaláni . . : . :	130 —
	Samtals:	3895 —

og skyldi til þess ganga:

1.	Vextir af búnaðarsjóði Vesturamtsins	415 —
2.	Búnaðarskólagjald amtsins . . . . . : . . .	632 —
3.	Af vöxtum af búnaðarskólasjóði	348 —
	Flyt:	1395 —

Flutt: 1395 kr. 107

4. Styrkur úr landssjóði . . . . . 2500 —

Samtals: 3895 —

18. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

Áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs amtsins 1892.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar í sjóði	1000 —
2.	Niðurjöfnun	2000 —
	Samtals:	3000 —

Gjöld:

1.	Til bólusetninga og heilbrigðismála	650 —
2.	Til heyrnar og málleysingja	100 —
3.	Kostnaður við amtsráðið	800 —
4.	Til ferðakostnaðar	150 —
5.	Ýmisleg gjöld	300 —
6.	Eptirstöðvar	1000 —
	Samtals:	3000 —

Fleiri mál voru ekki fyrirtekin, og var fundi slitið, eptir að hann hafði staðið 15. 16. og 17. júnímán.

Amtmaðurinn í Vesturamtinu, Reykjavík, 3. septbr. 1891.

E. Th. Jónassen.

Ágrip 108

af fundargjörðum amtsráðsins í Suðuramtinu, dagana frá 27. til 30. júní 1891.

Árið 1891, hinn 27. júnímán., átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu.

Á fundinum voru: Amtmaðurinn í Suðuramtinu, amtsráðsmaður Isleifur prestur Gíslason í Arnarbæli og vara-amtsráðsmaður Sæmundur prófastur Jónsson í Hraungerði.

Þessi málefni komu þar til umræðu:

1. Forseti lagði fram:
   a, reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir árið 1890,
   b, reikning yfir búnaðarskólagjaldið í Suðuramtinu fyrir árið 1890, og
   c, leiguliðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir árið 1890;
   Voru reikningar þessir yfirfarnir og fannst ekkert athugavert við þá.
2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
   a, Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1890. Við hann fannst ekkert athugavert.
   b, Reikning fyrir Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1890. Við hann fannst ekkert að athuga.
   c, Reikning fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1890. Við hann var ekkert að athuga.